



## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík  
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014  
postur@for.stjr.is  
www.raduneyti.is

### *Fréttatilkynning*

Nr.: **65/2009**

Efni: **Skrifað undir lánasamninga við Norðurlöndin**

Íslendingar hafa í dag tekið að láni jafnvirði 2,5 milljarða bandaríkjadala hjá Svíum, Norðmönnum, Dönnum og Finnum sem koma þó ekki til útborgunar strax. Samningar þar að lútandi voru undirritaðir fyrr í dag. Vextir á lánunum sem eru til 12 ára, eru breytilegir en sem stendur eru þeir 3,835% að meðtöldu 2,75% álagi.

Norræna lánið til Íslands er veitt í evrum og er samtals að fjárhæð (1,8) milljarðar evra, jafnvirði 2,5 milljarða Bandaríkjadala, eða 321 milljarða íslenskra króna. Gildi þessara samninga er ekki eingöngu fólgið í fjárhæðunum sem þeir fela í sér, og vissulega eru háar, heldur ekki síður í því að þessi samstaða Norðurlanda vekur traust og tiltrú á þeim efnahagsaðgerðum sem nú er gripið til til þess að sigrast á afleiðingum fjármálakreppunnar. Það er afar mikilvægt að endurheimta traust og tiltrú í þeirri erfiðu glímu sem nú er háð við afleiðingar fjármálakreppunar og bankahrunsins hér á landi.

Lánasamningarnir við Danmörk, Finnland og Svíþjóð eru milli íslenska ríkisins og þessara ríkja, en við Noreg er lánsamningurinn milli seðlabanka landanna.

Íslendingar meta mikils þann stuðning sem Norðurlöndin hafa veitt Íslendingum í glímunni við fjármálakreppuna sem skall yfir Ísland með miklum þunga þegar þrjár stærstu bankar landsins komust í þrot í byrjun október 2008. Ákvörðunin sem tekin var á fundi norrænu forsætisráðherranna í Helsinki þegar 27. október 2008 að setja á stofn starfshóp háttsettra embættismanna til að undirbúa stuðning við Íslendinga af hálfu Norðurlanda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var afar mikils virði. Á þessum grundvelli ákváðu svo fjármálaráðherrar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar 19. Nóvember 2009 að veita Íslendingum 2,5 milljarða Bandaríkjadala lán í tengslum við og til stuðnings íslensku efnahagsáætluninni sem samið var um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sama dag í því skyni að koma á jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum og endurreisa atvinnulífið. Á sama tíma lýstu Færeyingar því yfir að þeir myndu veita Íslendingum lán að fjárhæð 300 milljónir danskra króna til stuðnings endurreisnefnahags á Íslandi, og hefur verið gerður um það samningur um þetta lán milli Færeyja og Íslands. Stuðningur Norðurlanda skiptir sköpum um möguleika Íslendinga til þess að vinna sig út úr aðsteðjandi erfiðleikum.

## Skipting lánanna milli lánveitenda

Heildarfjárhæð norrænu lánanna er 1.773 milljónir evra, jafnvirði 2.500 milljóna Bandaríkjadala). Lánsfjárhæðin skiptist milli landanna fjögurra í eftirfarandi hlutföllum:

Danmörk	27%
Finnland	18%
Noregur	27%
Svíþjóð	28%

Lánsféð verður greitt út í fjórum jöfnum greiðslum sem eru tengdar endurmati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku efnahagsáætluninni.

## Lánstími og endurgreiðsla

Heildarlánstíminn er 12 ár

Fyrstu 5 árin eru afborganalaus og aðeins greiddir vextir af lánunum ársfjórðungslega

Að loknum 5 árum verður höfuðstóll lánanna endurgreiddur í jöfnum greiðslum, ársfjórðungslega út lánstímann.

## Vaxtakjör

Lánin munu bera breytilega (fljótandi) vexti sem taka mið af 3 mánaða EURIBOR vöxtum að viðbættu 2,75 prósentu álagi.

Dæmi: 3 mánaða EURIBOR vextir eru nú 1,085%; að viðbættu álaginu bera lánin því 3,835% vexti miðað við núverandi vexti.

Að gerðum samningum við Norðurlandþjóðir er þess freistað að ná samningum við Rússa og Pólverja um gjaldeyrislán til stuðnings efnahagsáætlun Íslands í samstarfi við AGS. Þessi tvö ríki gáfu í nóvember í fyrra fyrirheit um slík lán að fjárhæð allt að 500 milljónir Bandaríkjadala frá Rússum og 200 milljónir Bandaríkjadala frá Pólverjum. Samningaviðræður við þessi ríki fara nú fram í góðum anda. Samkomulagið við Breta og Hollendinga um lausn á Icesave deilunni sem náðist í byrjun júní var mikilvægur áfangi í því að tryggja framgang efnahagsáætlunar Íslendinga með AGS. Tvíhliða lánssamningar við öll framangreind ríki eru snar þáttur í eflingu gjaldeyrissvaraforða Íslands sem er nauðsynlegur til þess að ná stöðugleika í gengismálum og endurreisa atvinnulífið. Þá er ekki síður mikilvægt að með þessum hætti eru tryggð góð samskipti við nágrannaþjóðir okkar og alþjóðasamfélagið sem er forsenda þess að hér dafni þjóðlíf.

Ath: Allar tölur miðast við 1. júlí

Reykjavík 1. júlí 2009

